

KONUNGSBRJEF**57**
15. júní

um

**breytingu á 4. og 6. gr. reglugjörðar í konungsbrjefi 3. júlí 1921,
um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðsnáð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Oss hefir þótt rjett að kveða á um eftirfarandi
breytingar á reglugjörð, er sett var með konungsbrjefi 3. júlí 1921, um
stofnun hinnar íslensku fálkaorðu.

4. gr. orðist þannig:

Orðubræður skiftast í:

Stórkrossriddara,
Stórriddara með stjörnu,
Stórriddara,
Riddara.

6. gr. Við greinina bætist:

Stjarna stórriddara er átthyrnd silfurstjarna og á henni miðri blásteindi
skjöldurinn með silfurfálkanum, og bera þeir hana á brjóstinu vinstra megin.

Ritað í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.